



Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík, 11. september 2024

**Varðar: Fjárhagsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2025-2029**

Á 264. stjórnarfundum sínum þann 16. ágúst sl. samþykkti stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) meðfylgjandi fjárhagsáætlun slökkviliðsins fyrir árin 2025-2029. Hún er nú send aðildarsveitarfélögum SHS til staðfestingar í samræmi við stofnsamning þess.

Fjárhagsáætlun SHS byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS. Ný brunavarnaáætlun mun líta dagsins ljós á næstu mánuðum og er samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) á henni háð því að starfsemi SHS uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar og viðmið um fullnægjandi þjónustustig. Fjárhagsáætlun 2025 er því með fyrirvara um breytingar varðandi búnað eða mönnun sem ný brunavarnaáætlun gæti leitt af sér.

Fjárhagsáætlun SHS fyrir árið 2025, ásamt rammaáætlun til ársins 2029, byggir á áætlun og útkomuspá ársins 2024 og áður samþykktum forsendum, þ.e. vísitölupróun skv. þjóðhagsspá í apríl 2024 og fjölgun starfsfólks í varðliði um 10 manns árið 2025 og 7 árið 2026. Byggir sú fjölgun á athugasemdum HMS um að ófullnægjandi mönnun valdi því að viðbragðsgeta liðsins standist ekki viðmið og telur stjórn SHS rétt að bregðast við strax, fremur en að bíða með fjölgun starfsfólks fram að fyrirhugaðri fjölgun slökkvistöðva á þjónustusvæðinu samkvæmt áætlun um framtíðaruppbyggingu SHS sem stjórn og eigendur hafa þegar samþykkt. Jafnframt er fjölgun frá áætlun 2024 um eitt stöðugildi vegna almannavarna vegna aukins álags og verkefna í þeim málaflokki, sem hingað til hefur verið sinnt af einum starfsmanni almannavarnanefndar, auk undirritaðs.

Áætlunin gerir ráð fyrir 5,0% hækkun launavísitölu og 3,2% hækkun vísitölu neysluverðs á árinu 2025. Rammaáætlun er á verðlagi ársins 2025.

Óski borgarráð frekari skýringa á áætluninni er sjálfsagt að undirritaður verði viðstaddur þegar hún verður tekin til umfjöllunar.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,  
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og  
framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.  
*(rafræn undirritun á næstu síðu)*

Meðfylgjandi: Fjárhagsáætlun SHS 2025-2029, dags. 16. ágúst 2024.  
Samrit sent bæjarráðum annarra aðildarsveitarfélaga Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

## Undirritunarsíða

f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.  
Jón Viðar Matthíasson



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

### ***Fjárhagsáætlun Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu 2025***

Vísað er til bréfs slökkviliðsstjóra Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 11. september 2024, þar sem lögð er fram fjárhagsáætlun fyrir árin 2025-2029 sem hefur þegar verið samþykkt af stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Fjárhagsáætlunin byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt þjóðhagsspa Hagstofu Íslands í apríl 2024 og fjölgun starfsfólks. Byggir sú fjölgun á athugasemdum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um að ófullnægjandi mönnun valdi því að viðbragðsgeta liðsins standist ekki viðmið og telur stjórn SHS rétt að bregðast við strax, sbr. inngang áætlunarinnar.

Samkvæmt greiðsluskiptingu milli sveitarfélaga vegna nefndra verkefna er gert ráð fyrir að heildarframlög Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024 verði 1.670.261 þ.kr. sem er 12,1% hækkun frá fyrra ári. Hækkunin liggur að mestu leyti í fjölgun starfsfólks, bæði í rekstri slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og fjölgun stöðugilda almannaverndarnefndar höfuðborgarsvæðisins. Stjórn SHS hefur samþykkt fyrir sitt leyti framlagða fjárhagsáætlun og gerir fjármála- og áhættustýringarsvið ekki athugasemdir við hana.

*Halldóra Káradóttir,*  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

# Fjárhagsáætlun SHS 2025 - 2029



# Meginforsendur fjárhagsáætlunar

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) samþykkti á 264. fundi sínum þann 16. ágúst sl. fjárhagsáætlun SHS fyrir árin 2025-2029.

Fjárhagsáætlun 2025 byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 16. apríl 2024.

Brunavarnaáætlunina skal endurskoða, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, eigi síðar en fimm árum eftir að hún hlaut samþykki en oftast ef þörf er á. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hefur þó reglubundið eftirlit með mönnun og viðbragðstíma, búnaði og tækjum, menntun og þjálfun slökkviliðsmanna og stöðu reykkafera.

Núverandi brunavarnaáætlun var framlengd fram á haust 2024. Vinna við nýja áætlun stendur yfir og gert er ráð fyrir að hún liggi fyrir á næstu mánuðum. Fjárhagsáætlun 2025 er því með fyrirvara um breytingar á mönnun, meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja, en samþykki HMS á brunavarnaáætluninni er háð því að SHS uppfylli þau viðmið sem lögð eru þar til grundvallar.

Kjarasamningur SHS og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna rann út 31. mars sl., enn er ósamið en gert er ráð fyrir að samið verði á næstu viku.

Stjórn SHS samþykkti á fundi sínum 28. júní sl. að fjölga um tíu stöðugildi í varðliðinu árið 2025 og sjö árið 2026 til þess að mæta viðmiðum um viðbragðsgetu liðsins, en jafnframt m.t.t. áætlaðrar fjölgunar starfsfólks í samræmi við samþykkt stjórnar og eigenda um framtíðaruppbyggingu SHS. Einnig var samþykkt að fjölga um eitt stöðugildi vegna almannavarna vegna aukins álags og fjölgunar verkefna.

Fjárhagsáætlun ársins gerir ráð fyrir að launahækkunar starfsmanna SHS á næsta ári og aðrar verðlagshækkunar verði í takt við það sem kemur fram í þjóðhagsspá Hagstofu frá apríl 2024.

## Ytri forsendur fjárhagsáætlunar

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum SHS byggja á forsendum frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2025 - 2029, sbr. þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 16. apríl 2024, sjá töflu hér fyrir neðan. Áætlað er að launavísitala hækki um 5,0% og vísitala neysluverðs um 3,2% fyrir árið 2025.

### Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Einkaneysla	0,5	0,9	3,0	2,8	2,6	2,6	2,5
Samneysla	2,2	1,4	0,8	0,7	0,9	1,0	1,0
Fjármunamyndun	-0,6	0,6	4,8	3,5	1,7	0,7	2,6
Útflutningur vöru og þjónustu	4,8	3,0	3,0	2,8	3,2	3,0	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-1,4	1,8	2,6	2,3	2,3	1,8	2,0
Verg landsframleiðsla	4,1	1,5	3,0	2,7	2,4	2,3	2,3
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,4	4,2	4,2	4,1	4,0	4,0	4,0
Vísitala neysluverðs	8,7	5,2	3,2	2,7	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	2,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þróun launa	9,8	6,8	5,0	4,3	4,1	4,1	4,1

Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%). Ekki spáð fyrir um launavísitölu og er hún því reiknuð sem breyting á vísitölu kaupmáttar launa (raunlaun) og vísitölu neysluverðs.

## Forsendur um gjaldskrárbreytingar

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

Gjaldskrá SHS er sett með heimild í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og fellur þar með úr gildi eldri gjaldskrá.

## Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64. greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skuli í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærrí fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

## Fjárhagsáætlun 2025

Útkomuspá 2024 gerir ráð fyrir að afkoma ársins verði neikvæð um 18 m.kr. sem kemur til að stærstum hluta vegna gjaldfærðs kostnaðar í tengslum við endurbætur á húsnæði SHS vegna myglu- og rakaskemmda.

Tekjur af sjúkraflutningum stefna í að verða um 35 m.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2024, þar vegur þýngst hækkun verðlags umfram áætlun, þar sem fjöldi flutninga hefur verið í takt við það sem áætlað var. Gert er ráð fyrir að aðrar tekjur verði um 42 m.kr. hærrí en áætlað vegna verkefna í tengslum við jarðhræringar í Grindavík, sem á móti kalla á aukinn launakostnaði vegna mönnunar þessara verkefna. Leigutekjur SHS fasteigna í Skógarhlíð verða lægri en áætlað, þar sem leigutakar hafa þurft að flytja út tímabundið vegna framkvæmda vegna myglu og rakaskemmda. Óvissa er um hverjir snúa aftur og hvaða stofnanir verða áfram í Skógarhlíð.

Gert er ráð fyrir að launakostnaður verði um 35 m.kr. hærrí en áætlað var vegna aukinna sérverkefna sem kalla á aukinn mannaafli og yfirvinnu. Jafnframt er gert ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði um 85 m.kr. hærrí en áætlað var, þar vegur þýngst aukinn kostnaður vegna framkvæmda í tengslum við myglu- og rakaskemmdir í Skógarhlíð og annað viðhald fasteigna og tækja.

Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, kjarasamningsbundinna launahækkana og launaþróunar hjá SHS, er gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun samstæðunnar 2025 verði samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2024 áætlun	ÚT-2024 útkomuspá	Á-2025 áætlun	Breyting Á-24 til Á-25	Hlutfall Á-24 til Á-25	Hlutfall ÚT-24 til Á-25
<b>Rekstrartekjur</b>						
Eigendur vegna reksturs SHS.....	2.518.500	2.518.500	2.815.000	296.500	11,8%	11,8%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	110.100	110.100	117.000	6.900	6,3%	6,3%
Eigendur vegna almannavarna AHS.....	23.600	23.600	44.000	20.400	86,4%	86,4%
Tekjur frá eigendum alls:	2.652.200	2.652.200	2.976.000	323.800	12,2%	12,2%
Sjúkraflutningar.....	2.196.900	2.232.000	2.429.000	232.100	10,6%	8,8%
Forvarnasvið sértekjur.....	65.000	65.000	68.000	3.000	4,6%	
Sértekjur.....	65.300	107.000	69.000	3.700	5,7%	-35,5%
SHS fasteignir.....	139.500	129.000	130.000	(9.500)	-6,8%	0,8%
Aðrar tekjur alls:	2.466.700	2.533.000	2.696.000	229.301	9,3%	6,4%
Rekstrartekjur alls:	5.118.900	5.185.200	5.672.000	553.100	10,8%	9,4%
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launategd gjöld.....	4.266.300	4.301.000	4.704.000	437.700	10,3%	9,4%
Annar rekstrarkostnaður.....	676.900	712.000	730.000	53.100	7,8%	2,5%
Annar rekstrarkostnaður v/myglu.....		50.000	50.000	50.000	n/a	n/a
Rekstrargjöld alls:	4.943.200	5.063.000	5.434.000	540.800	9,9%	7,3%
<b>Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða</b>	<b>175.700</b>	<b>122.200</b>	<b>238.000</b>	<b>115.800</b>		
Afskriftir.....	(160.000)	(160.000)	(220.000)	(60.000)		
Fjármagnsliðir.....	(14.000)	20.000	(13.000)	(33.000)		
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>1.700</b>	<b>(17.800)</b>	<b>5.000</b>	<b>22.800</b>		

Fjárhæðir í þús. kr.

## Rekstrarniðurstaða

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64. greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skuli í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærrí fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða ársins verði í járnnum, þegar tekið er tillit til 14 m.kr. hagræðingar í öðrum rekstrarkostnaði.

## Rekstrartekjur

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2025 eru um 5.672 m.kr., sem er 10,8% hækkun miðað við áætlun 2024 en um 9,4% hækkun miðað við útkomuspá.

Tekjur frá eigendum eru 2.976 m.kr. eða ríflega 52% af heildartekjum og hækka samtals um 324 m.kr. (12,2%) frá 2024. Tekjur af sjúkraflutningum eru tæplega 43% af heild eða um 2.429 m.kr. og hækka um 232 m.kr. (10,6%). Aðrar tekjur eru áætlaðar samtals um 267 m.kr. eða um 5% af heildartekjum.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2024	ÚT-2024	Á-2025	Breyting	Hlutfall	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Á-24 til Á-25	Á-24 til Á-25	ÚT-24 til Á-25
<b>Rekstrartekjur</b>						
Eigendur vegna reksturs SHS.....	2.518.500	2.518.500	2.815.000	296.500	11,8%	11,8%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	110.100	110.100	117.000	6.900	6,3%	6,3%
Eigendur vegna almannavarna AHS.....	23.600	23.600	44.000	20.400	86,4%	86,4%
Tekjur frá eigendum alls:	2.652.200	2.652.200	2.976.000	323.800	12,2%	12,2%
Sjúkraflutningar.....	2.196.900	2.232.000	2.429.000	232.100	10,6%	8,8%
Forvarnasvið sértekjur.....	65.000	65.000	68.000	3.000	4,6%	4,6%
Sértekjur.....	65.300	107.000	69.000	3.700	5,7%	-35,5%
SHS fasteignir.....	139.500	129.000	130.000	(9.500)	-6,8%	0,8%
Aðrar tekjur alls:	2.466.700	2.533.000	2.696.000	229.300	9,3%	6,4%
<b>Rekstrartekjur alls:</b>	<b>5.118.900</b>	<b>5.185.200</b>	<b>5.672.000</b>	<b>553.100</b>	<b>10,8%</b>	<b>9,4%</b>

Fjárhæðir í þús. kr.

## Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Framlag til rekstrar verði 2.815 m.kr. sem er um 297 m.kr. (11,8%) hækkun á milli ára, þar vegur þyngst um 165 m.kr. hækkun vegna fjölgunar um tíu stöðugildi í varðliðinu skv. ákvörðun stjórnar frá 28. júní 2024. Byggir sú fjölgun á athugasemdum HMS um að ófullnægjandi mönnum valdi því að viðbragðsgeta liðsins standist ekki viðmið og telur stjórn SHS rétt að bregðast við strax, fremur en að bíða með fjölgun starfsfólks fram að fyrirhugaðri fjölgun slökkvistöðva á þjónustusvæðinu í samræmi við samþykkt stjórnar og eigenda um framtíðaruppbyggingu SHS.

Önnur hækkun kemur til vegna hækkunar á launa- og neysluvísitölu og vegna aukins launakostnaðar í tengslum við fyrirsjáanlega launaþróun starfsmanna varðliðsins vegna menntunar og starfsþróunar 2025.

## Framlag í fjárfestingarsjóð

Fjárfestingarframlag eigenda er stofnsamningsbundið, tengt SDR gengi og háð fjölda slökkvistöðva. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarframlag eigenda fyrir árið 2025 verði 117 m.kr., miðað við gengi SDR 9. ágúst 2024, sem er 6,9 m.kr. (6,3%) hækkun miðað við árið á undan.

## Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlag vegna almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins (AHS) hækki um 20,4 m.kr. Þar vegur þyngst fjölgun um eitt stöðugildi í almannavörnum, ásamt áætlaðri hækkun launavísitölu 2025.

Stjórn SHS samþykkti þann 7. febrúar 2024 að fjölga starfsmönnum AHS um einn, en fyrir var einn starfsmaður starfandi að málefnum nefndarinnar ásamt framkvæmdastjóra AHS sem er einnig slökkviliðsstjóri. Álag og verkefni almannavarna á höfuðborgarsvæðinu hafa aukist til muna á undanförunum árum, m.a. vegna aukinna áherslna sveitarfélaga á málaflokkinn. Verkefni fela m.a. í sér skipulag og samræmingu verklags, reglubundið mat áhættu og áfallapöls, skilgreiningu leiða til áhættuminnkunar og útgáfu áhættumats, viðbragðs- og neyðaráætlana, leiðbeininga og fræðsluefnis.

## Tekjur af sjúkraflutningum – Sjúkratryggingar Íslands

Heildartekjur af sjúkraflutningum 2025 eru áætlaðar 2.429 m.kr. sem er um 232 m.kr. (10,6%) hækkun miðað við áætlun 2024 og um 8,8% miðað við útkomuspá 2024., þar af er um 6,6% vegna áætlaðrar hækkunar á vísitölum.

Frá og með 1. janúar 2025 hækka verð í samningnum í samræmi við vegna meðaltalshækkun launavísitölu (86%) og neysluvísitölu (14%), miðað er við nóvembervísitölu ár hvert.

Fjárhagsáætlun 2025 gerir ráð fyrir að fjöldi almennra sjúkraflutninga verði að mestu í takt við fjölda flutninga 2024 auk hlutfallslegrar fjölgunar íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (2,6%) en fjöldi millispítalaflutninga standi í stað á milli ára og því verði meðaltalsfjölgun tæplega 1,7%.

Samningur SHS um sjúkraflutninga við Sjúkratryggingar Íslands gildir til loka febrúar 2027 og heimilt er að framlengja um allt að þrjú ár.

## Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur hækki í takt við verðlag og verði um 137 m.kr. 2025.

## Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur lækki um 9,5 m.kr. milli ára. Meginástæða er óvissa um framtíðarhlutverk björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð, þar sem almannavarnadeild RLS og Neyðarlínan hafa ákveðið að leita að nýju húsnaði fyrir sína starfsemi.

## Rekstrargjöld

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 5.434 m.kr. á árinu 2025 sem er um 491 m.kr. (9,9%) hækkun frá áætlun 2024 og um 7,3% miðað við útkomuspá. Laun og launatengd gjöld hækka um 438 m.kr. (10,3%) og annar rekstrarkostnaður um 53 m.kr. (7,8%) frá áætlun 2024, en um 2,5% miðað við útkomuspá ársins.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2024	ÚT-2024	Á-2025	Breyting	Hlutfall	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Á-24 til Á-25	Á-24 til Á-25	ÚT-24 til Á-25
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	4.266.300	4.301.000	4.704.000	437.700	10,3%	9,4%
Annar rekstrarkostnaður.....	676.900	712.000	730.000	53.100	7,8%	2,5%
Annar rekstrarkostnaður v/myglu.....	0	50.000	0	0	n/a	-100,0%
<b>Rekstrargjöld alls:</b>	<b>4.943.200</b>	<b>5.063.000</b>	<b>5.434.000</b>	<b>490.800</b>	<b>9,9%</b>	<b>7,3%</b>

Fjárhæðir í þús. kr.

Laun og launatengd gjöld eru um 86% af rekstrargjöldum fyrir afskriftir og fjármagnskostnað og önnur rekstrargjöld um 14%.

## Launakostnaður

Gert er ráð fyrir að heildarlaunakostnaður hækki um 438 m.kr. (10,3%) 2025 miðað við áætlun 2024 og um 9,4% m.v. útkomuspá, vegna áætlaðrar launahækkunar, fjölgunar stöðugilda og launaþróunar. Áætlunin gerir ráð fyrir að riflega fjórðungur varðliðsmanna fari upp um launaflokka vegna starfsaldurs og aukinnar menntunar 2025.

Kjarasamningar eru lausir frá því í mars 2024, en gert er ráð fyrir að hækkun launa verði í takt við þjóðhagsspá Hagstofunnar frá apríl 2024, þ.e. launakostnaður hækki um 5% á ársgrundvelli.

Taflan sýnir sundurliðun á áætluðum heildarlaunakostnaði 2025.

Heildarlaunakostnaður	Á-2024	ÚT-2024	Á-2025	Breyting	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Á-24 til Á-25	Á-24 til Á-25
Launakostnaður .....	4.266.300	4.266.300	4.266.300		
Aukin kostnaður v/sérverkefna.....		28.000			
Nýr starfsmaður almannavarna frá ágúst 2024.....		8.000	18.500		
Fjölgun í varðliðnu 10 stöðugildi.....			165.000		
Reglubundin launakostnaður	4.266.300	4.302.300	4.449.800	183.500	4,3%
<b>Launahækkun áætlun</b>					
Launaþróun 2025 varðliðsins.....			30.500		0,7%
Launahækkun 2025 samtals, skv. þjóðhagsspá apríl 2024....			223.700		5,0%
Launaþróun og -hækkun samtals			254.200	254.200	5,7%
Laun als:	4.266.300	4.302.300	4.704.000	437.700	10,3%

Fjárhæðir í þús. kr.

\*Áætlun miðar við þjóðhagsspá apríl 2024

## Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnaðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði.

Undir þennan lið falla stórir liðir sem taka annars vegar mið af launavísitölu (5,0%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neysluvísitölu (3,2%), s.s. matarkostnaður, vinnufatnaður, námskeið, tryggingar og tölvubúnaður.

Áætlunin gerir ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði um 730 m.kr. 2025, sem er hækkun um 53 m.kr. (7,8%) miðað við áætlun 2024, en um 32 m.kr. (-4,2%) lækkun miðað við útkomuspá.



Einskiptiskostnaður upp á samtals um 60 m.kr. vegna húsnæðisframkvæmda fellur niður 2025, þar af eru 50 m.kr. vegna mygluframkvæmda í Skógarhlíð. Áætlun gerir ráð fyrir samtals um 14 m.kr. hagræðingu, m.a. í viðhaldi og rekstri tækja og öðrum sameiginlegum rekstrarkostnaði, en á móti má gera ráð fyrir um 10 m.kr. hækkun starfsmannakostnaðar vegna fjölgunar stöðugilda í varðliðinu.

## Sjóðstreymi og fjárfestingar

Meðfylgjandi tafla sýnir sjóðstreymi eins og það kom fram í samþykktri áætlun fyrir 2024, útkomuspá og áætlun 2025.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingaráætlun 2024 gangi að stórum hluta eftir og fjárfest verði fyrir um 750 m.kr. á þessu ári.

Sjóðstreymi	Á-2024	ÚT-2024	Á-2025
	áætlun	útkomuspá	áætlun
Rekstrarniðurstaða.....	1.700	(17.800)	5.000
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	160.000	160.000	220.000
Verðbætur og gengismunur.....	10.200	10.200	10.200
	171.900	152.400	235.200
Aðrar skammtímakröfur lækkun (hækkun).....	6.030	6.030	6.030
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>183.960</b>	<b>158.430</b>	<b>241.230</b>
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(750.000)	(750.000)	(300.000)
Afborganir langtímalána.....	(14.300)	(18.000)	(18.000)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>(580.340)</b>	<b>(609.570)</b>	<b>(76.770)</b>
Handbært fé í byrjun árs.....	1.050.026	1.050.026	440.456
<b>Handbært fé í lok árs</b>	<b>469.686</b>	<b>440.456</b>	<b>363.686</b>

*Fjárhæðir í þús. kr.*

Fjárhagsáætlun 2025 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir samtals um 300 m.kr., þ.e.:

- Viðhald húsnæðis, þ.e. viðhald á útstöðvum, t.a.m. þakviðgerð á Skútahrauni, viðhald og endurbætur á stöðinni á Tunguhálsi og mögulega áframhaldandi viðhald í Skógarhlíð vegna myglu og rakavandamála.
- Reglubundin endurnýjun á ýmsum búnaði til slökkvistarfa.
- Búnaður vegna gróðurelds.
- Æfingaaðstaða fyrir varðliðið.

Tillaga starfshóps, sem skipaður var af stjórn SHS um framtíðaruppbyggingu SHS á höfuðborgarsvæðinu þar sem meginmarkmið var að bæta viðbragðstíma slökkviliðsins á svæðinu, var samþykkt á fundi stjórnar 14. desember 2023.

Tillögunni er skipt upp í þrjú áfanga, sem ná frá 2024 til 2031. Fyrsti áfangi er bygging á nýrri útkallsstöð við Tónahvarf í Kópavogi, undirbúningur er þegar hafinn. Stöðin er viðbót við þær sem fyrir eru og því mun þurfa að fjölga slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum til að manna nýja stöð. Gert er ráð fyrir að ný stöð verði tekin í notkun 2027. Annar áfangi felur m.a. í sér að starfsemi í Skógarhlíð flyst í nýja björgunarmiðstöð og samhliða því myndi verða fundin ný staðsetning fyrir útkallsstöðina í Skógarhlíð á BSÍ reitnum eða þar í nágrenni. Jafnframt er gert ráð fyrir að byggð verði ný útkallsstöð í björgunarmiðstöðinni eða þar í nágrenni sem myndi þá leysa stöðina á Tunguhálsi af hólmi. Þriðji áfangi gerir ráð fyrir að nýrri stöð verði bætt við í Hafnarfirði til að bæta viðbragðstíma á Völlunum og nágrenni.

Áhrifa af uppbyggingu á húsnæði fyrir slökkviliðið og viðhaldi núverandi húsnæðis mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

## Framlög eigenda

Núgildandi stofnsamningur SHS gerir ráð fyrir að eigendur greiði framlög til rekstrar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun og í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember ársins á undan. Í mars 2024 var aðferð við mat á mannfjölda hjá Hagstofu Íslands endurskoðuð og hætt að birta tölur miðað við 1. desember. Nýr stofnsamningur mun því gera ráð fyrir að miðað verði við 1. janúar líðandi árs við gerð fjárhagsáætlunar.

Íbúatölur 1. janúar 2024 ráða skiptingu fyrir áætlun 2025. Hlutfallsleg skipting aðildarsveitarfélaganna breytist því frá áætlun 2024 til áætlunar 2025 í takt við íbúapróun á svæðinu.

Hlutfallslegar breytingar milli ára	íbúar 2023	íbúar 2024	breytingar fjöldi	breyting hlutfall	hlutfall 2024	hlutfall 2025	breytingar
Eigendur vegna slökkviliðs							
Reykjavík.....	134.298	136.894	2.596	1,95%	56,19%	56,13%	-0,06%
Kópavogur.....	38.770	39.335	565	1,48%	16,22%	16,13%	-0,09%
Hafnarfjörður.....	29.806	30.616	810	2,72%	12,47%	12,55%	0,08%
Garðabær.....	18.509	19.088	579	3,28%	7,74%	7,83%	0,08%
Mosfellsbær.....	13.091	13.403	312	2,48%	5,48%	5,50%	0,02%
Seltjarnarnes.....	4.540	4.572	32	0,67%	1,90%	1,87%	-0,02%
	239.014	243.908	4.894	2,05%	100,00%	100,00%	

Íbúapróun á höfuðborgarsvæðinu frá 1. janúar 2023 til 1. janúar 2024, m.v. sveitarfélagaskipan 1. janúar 2024

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 4.894 milli tímabila, eða um ríflega 2%, skv. Hagstofu Íslands. Fjölgun var mismikil eftir sveitarfélögum, mest í Garðabæ eða um 3,3% og minnst á Seltjarnarnesi eða um 0,7%.

Taflan sýnir áætlað framlag hvers eiganda til reksturs SHS, AHS og í fjárfestingarsjóð SHS á árinu 2025, samanborið við 2024.

Greiðslur sveitarfélaga	Á-2024	Á-2025	Breytingar	Hlutfall
<b>Heild</b>				
Vegna reksturs SHS.....	2.518.500	2.815.000	296.500	11,8%
Vegna fjárfestinga SHS.....	110.100	117.000	6.900	6,3%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	23.600	44.000	20.400	86,4%
Alls:	2.652.200	2.976.000	323.800	12,2%
<b>Sundurliðun á sveitarfélag</b>				
<b>Reykjavík</b>	1.490.214	1.670.261	180.047	12,1%
Vegna reksturs SHS.....	1.415.103	1.579.926	164.823	11,6%
Vegna fjárfestinga SHS.....	61.863	65.667	3.803	6,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	13.247	24.668	11.421	86,2%
<b>Kópavogur</b>	430.204	479.931	49.727	11,6%
Vegna reksturs SHS.....	408.521	453.975	45.454	11,1%
Vegna fjárfestinga SHS.....	17.859	18.869	1.009	5,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	3.824	7.088	3.264	85,3%
<b>Hafnarfjörður</b>	330.737	373.550	42.813	12,9%
Vegna reksturs SHS.....	314.067	353.347	39.280	12,5%
Vegna fjárfestinga SHS.....	13.730	14.686	956	7,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	2.940	5.517	2.577	87,7%
<b>Garðabær</b>	205.382	232.895	27.513	13,4%
Vegna reksturs SHS.....	195.030	220.299	25.269	13,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	8.526	9.156	630	7,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.826	3.440	1.614	88,4%
<b>Mosfellsbær</b>	145.262	163.532	18.270	12,6%
Vegna reksturs SHS.....	137.940	154.687	16.747	12,1%
Vegna fjárfestinga SHS.....	6.030	6.429	399	6,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.291	2.415	1.124	87,0%
<b>Seltjarnarnes</b>	50.377	55.784	5.406	10,7%
Vegna reksturs SHS.....	47.838	52.767	4.928	10,3%
Vegna fjárfestinga SHS.....	2.091	2.193	102	4,9%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	448	824	376	84,0%
<b>Kjósarhreppur</b>	24	48	24	100,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	24	48	24	

*Fjárhæðir í þús.kr.*

Kjósarhreppur er ekki eigandi SHS heldur sér SHS um þjónustu við hreppinn í verktöku samkvæmt samningi. Greiðslur Kjósarhrepps fyrir þjónustuna heyra því undir sértekjur. Hins vegar er hreppurinn aðili að almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og greiðir því framlag til reksturs AHS í hlutfalli af íbúafjölda eins og hin sveitarfélögin.

# Fjárhagsáætlun 2026 - 2029

Eins og áður hefur komið fram þá byggir fjárhagsáætlun 2025 á þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS. Ný brunavarnaáætlun á að taka gildi fyrir lok árs 2024 og því er áætlun 2025 með fyrirvara um breytingar á mönnun meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja.

Gert er ráð fyrir fjölgun um sjö stöðugildi í varðliðinu 2026 til styrkja viðbragð varðliðsins í samræmi við samþykktir stjórnar frá 14. desember 2023 um framtíðaruppbyggingu SHS á höfuðborgarsvæðinu og 28. júní 2024 um styrkingu á viðbragðsmönnun liðsins til þess að mæta kröfum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um viðmið viðbragðs.

Fyrirhuguð fjölgun útkallstöðva mun hafa áhrif á fjárhagsáætlun til lengri tíma, bæði hvað varðar reglulegan rekstrarkostnað og fjárfestingar. Endanleg ákvörðun um fjármögnun liggur ekki fyrir.

Einnig er rétt að nefna að ákvarðanir stjórnar varðandi framtíðarhúsnæðisskipan SHS geta haft veruleg áhrif á fjárhagsáætlun til lengri tíma. Rammaáætlun fyrir árin 2026 – 2029 er því birt með þeim fyrirvörum.

Rekstur	Á föstu verðlagi 2025				
	Á-2025	Á-2026	Á-2027	Á-2028	Á-2029
<b>Rekstrartekjur:</b>	<b>áætlun</b>	<b>áætlun</b>	<b>áætlun</b>	<b>áætlun</b>	<b>áætlun</b>
Tekjur frá eigendum.....	2.976.000	3.098.500	3.098.500	3.098.500	3.098.500
Sjúkraflutningar.....	2.429.000	2.429.000	2.429.000	2.429.000	2.429.000
Aðrar tekjur.....	267.000	267.000	267.000	267.000	267.000
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>5.672.000</b>	<b>5.794.500</b>	<b>5.794.500</b>	<b>5.794.500</b>	<b>5.794.500</b>
<b>Rekstargjöld:</b>					
Laun og launatengd gjöld.....	4.704.000	4.819.500	4.819.500	4.819.500	4.819.500
Annar kostnaður.....	730.000	737.000	737.000	737.000	737.000
<b>Rekstargjöld samtals</b>	<b>5.434.000</b>	<b>5.556.500</b>	<b>5.556.500</b>	<b>5.556.500</b>	<b>5.556.500</b>
<b>Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða</b>	238.000	238.000	238.000	238.000	238.000
Afskriftir.....	(220.000)	(220.000)	(220.000)	(220.000)	(220.000)
Fjármagnsliðir.....	(13.000)	(13.000)	(13.000)	(13.000)	(13.000)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>5.000</b>	<b>5.000</b>	<b>5.000</b>	<b>5.000</b>	<b>5.000</b>

Sjóðstreymi	Á föstu verðlagi 2025				
	Á-2025	Á-2026	Á-2027	Á-2028	Á-2029
	<b>áætlun</b>	<b>áætlun</b>	<b>áætlun</b>	<b>áætlun</b>	<b>áætlun</b>
Rekstrarniðurstaða.....	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir.....	220.000	220.000	220.000	220.000	220.000
Verðbætur og gengismunur.....	10.200	10.200	10.200	10.200	10.200
	235.200	235.200	235.200	235.200	235.200
Aðrar skammtímakröfur lækkun (hækkun).....	6.030	6.030	6.030	6.030	6.030
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>241.230</b>	<b>241.230</b>	<b>241.230</b>	<b>241.230</b>	<b>241.230</b>
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(300.000)	(250.000)	(250.000)	(250.000)	(250.000)
Afborganir langtímalána.....	(18.000)	(18.000)	(18.000)	(18.000)	(18.000)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>(76.770)</b>	<b>(26.770)</b>	<b>(26.770)</b>	<b>(26.770)</b>	<b>(26.770)</b>
Handbært fé í byrjun árs.....	440.456	363.686	336.916	310.146	283.376
<b>Handbært fé í lok árs</b>	<b>363.686</b>	<b>336.916</b>	<b>310.146</b>	<b>283.376</b>	<b>256.606</b>

Fjárhæðir í þús. kr.